

Rostungur í Viðfirði

Sunnudaginn 29. september sá Atli Rúnar Eysteinnsson rostung í Viðfirði. Hann myndaði hann og veitti Náttúrustofunni leyfi til að nota myndirnar. Þegar þær eru skoðaðar fer varla á milli mála að þar er kominn Reyðarfjarðarrostungurinn sem einnig sást við Breiðamerklónið. Þegar grannt er skoðað virðist Viðfjarðarrostungurinn vera komin með sendi á bakið með nokkuð áberandi loftneti. Sendir var festur í rostung við Færeyjar 22. mars síðast liðinn. Hann datt af þann 8 júní. Daginn eftir var öðrum sendi skotið í dýrið en menn töldu að hann hefði ekki fest í dýrinu. Rostungurinn sást síðast 11. júní við Færeyjar og birtist síðan líklega í Reyðarfirði um viku seinna.

Ef einhver veit eitthvað um sendinn á baki rostungsins í Viðfirði er viðkomandi beðinn um að upplýsa Náttúrustofuna um það

<http://www.ruv.is/frett/rostungurinn-godkunningi-faereyinga>

Samanburður



Reyðarfjörður 17.6. 2013 Ljós. Kristján Svavarsson

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/06/17/rostungur_flatmagar_a_reydarfirdi/



Jökulsárlón 16.8.2013 Ljós. Huldar Breiðfjörð

(http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/08/16/rostungur_i_jokulsarloni/)



Viðfjörður 29.9.2013 Ljós. Atli Rúnar Eysteinnsson